

Alþingi  
Erindi nr. P 126/1323  
komudagur 5.3.2001



Hr Ágúst Geir Ágústsson

c/o Nefndarsvið Alþingis,  
Þórshamri v/ Templarasund,  
150 Reykjavík.

Efni: Frumvarp til laga um breytingar á lögum um tóbaksvarnir nr 74/1984, sbr lög nr. 101/1996.

F.h Flugfélagsins Atlanta hf. óskum við hér með að fá að koma með eftirfarandi athugasemd við frumvarp til laga um breytingar á lögum um tóbaksvarnir. Þessar athugasemdir koma til viðbótar áðursendum athugasemdum, er fram koma í bréfi dags. 16.02.2001.

Í 12 gr frumvarpsins um breytingar á lögum um tóbaksvarnir segir að 2 og 3 málsgrein 13 gr. laganna falli brott.

Í 13 gr laga um tóbaksvarnir 2 mgr segir: “Heimilt er að forráðamönnum flugvéla að leyfa reykingar í hluta farþegarýmis í atvinnuflugi milli landa. Þess skal þó ávallt gætt að óþægindi skapist ekki fyrir þá sem ekki reykja”.

Skv. frumvarpinu skal fella þessa málsgrein niður.

Rekstri félagsins er hins vegar svo háttáð að megin hluti rekstrarins er í formi leigu á flugvélum til erlendra flugrekstraraðila víða um heim. Þessi konar rekstur kallast þjónustuleiga (Wet Leasing). Í því fellst að félagið sér um að útvega viðsemjanda sínum flugvél ásamt áhöfnum. Flogið er undir merkjum viðsemjanda og verður Flugfélagið Atlanta hf að geta boðið þá þjónustu sem viðsemjandi þess almennt býður í sínum eigin flugvélum.

Það er hluti af þjónustu Flugfélagsins Atlanta hf. að aðlaga rekstur þess að þörfum viðsemjanda félagsins. Mikilvægt er að þeir farþegar sem með félaginu ferðast verði sem minnst varir við, að það er Flugfélagið Atlanta hf. sem framkvæmir flugið, en ekki viðsemjandi þess. Þannig má nefna að flugvélar félagsins eru málaðar í einkennislitum viðsemjanda þess, auk þess sem áhafnir Flugfélagsins Atlanta hf. nota sömu einkennisföt og áhafnir þess félags.

Nú er það svo, að víða um heim eru reykingar enn leyfðar um borð í flugvélum, og þannig er í tilfalli flestra viðsemjanda okkar.

Verði frumvarpið að lögum með fyrirhuguðum breytingum um niðurfellingu 13gr 2 mgr, er ljóst að Flugfélaginu Atlanta hf. eru settar verulegar skorður hvað varðar möguleika þess á að semja við stóran hluta þeirra flugfélaga sem leyta til félagsins.

Í reynd má segja að rekstrargrundvelli sé kippt undan félaginu.

Okkur hjá Flugfélaginu Atlanta hf. er ljóst að margir af okkar viðskiptavinum munu ekki sætta sig að flug framkvæmd af okkur væru reyklaus, meðan leyfðar væru reykingar þeirra eigin flugvélum

Raunar er það svo að slíkt væri af tæknilegum ástæðum nánast óframkvæmanlegt.

Í reglugerð um mannflutninga í loftförum Nr. 53/1976 með síðari breytingum segir raunar í 1. gr. "Óheimilt er að reykja í atvinnuflugi með farþega á íslenskum innanlandsflugleiðum. Frá og með 26. mars 1995 er óheimilt að reykja í öllu atvinnuflugi með farþega milli Íslands og annarra ríkja".

Við viljum því fyrir hönd Flugfélagsins Atlanta hf. skora á Heilbrigðis- og Trygginganefnd að endurskoða tillögu sína um niðurfellingu 2.mgr 13gr. laga um tóbaksvarnir. Til vara óskum við eftir því, telji Heilbrigðis- og Tóbaksvarnarnefnd nauðsyn að breyta henni, að það sé gert með þeim hætti að tillit sé tekið mikilla hagsmuna Flugfélagsins Atlanta hf. sem og reyndar annarra Íslenskar flugrekstaraðila sem starfa við sambærilegar aðstæður.

Mosfellsbæ 28.02.2001

Virðingarfyllst  
F.h Flugfélagsins Atlanta hf.



Framkvæmdastjóri Starfsmannasviðs



Lárus Atlason

Framkvæmdastjóri Flugrekstrarsviðs.